

Ágrip

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í samstarf leik- og grunnskóla m.a. í því augnamiði að kanna samfellu í námi ungra barna. Athugað var hvernig grunnskólinn væri kynntur fyrir börnum í leikskóla áður en þau hæfu nám í 1.bekk. Kannaðar voru mögulegar leiðir til að efla samfellu í námi barna. Horft var til könnunaraðferðarinnar og leiksins og hvernig nýta mætti þá þætti. Notast var við meginlega rannsóknaraðferð sem gaf mælanlegar og tölfraðilegar niðurstöður. Spurningalistar voru sendir út af handahófi til 29 leik- og grunnskóla og leitast var við að hafa dreifinguna sem jafnasta yfir höfuðborgarsvæðið. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 49 leik- og grunnskólakennarar á aldrinum 23 – 67 ára. Áhugavert er að 56% svarenda frá leikskólum töldu vera mjög mikið samstarf milli skólastiganna en einungis 32% svarenda frá grunnskólunum voru sama sinnis. Einnig má geta þess að enginn taldi að samstarf milli skólastiganna væri ekki til staðar. Þessar niðurstöður benda til ólíkra viðhorfa hjá svarendum um samstarf eftir því hvort þeir starfa í leik- eða grunnskóla.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	1
EFNISYFIRLIT.....	2
INNGANGUR.....	4
SAMSTARF Á MILLI LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA.....	6
STEFNUMÖRKUN LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA	6
SAMFELLA Í NÁMI BARNNA	7
AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNARINNAR	8
<i>Tegund rannsóknar</i>	8
<i>Tilgangur og markmið rannsóknar</i>	8
<i>Skilgreining þýðis</i>	9
<i>Skilgreining úrtaks</i>	9
<i>Hönnun rannsóknar</i>	9
<i>Spurningalisti</i>	9
<i>Aðferð við gagnasöfnun</i>	9
GREINING OG NIÐURSTÖÐUR.....	10
1. <i>Hvernig er samstarfi á milli leik- og grunnskóla háttað í þínu hverfi?</i>	10
2. <i>Hvernig er samstarfi/samvinnu á milli leik- og grunnskóla háttað?</i>	11
3. <i>Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna skili sér í betra starfi og aukinni samfelli í námi barnanna?</i>	13
4. <i>Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna stuðli að betri undirbúningi barnanna fyrir upphaf grunnskólagöngu?</i>	15
5. <i>Hversu undirbúin telur þú/þið að börnin komi frá leikskólunum?</i>	16
6. <i>Fá leikskólabörn (skólahópur) kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1.bekk?</i>	18
6. A. <i>Hvernig er grunnskólinn kynntur fyrir leikskólabörnum?</i>	20
6. B. <i>Af hverju er grunnskólinn ekki kynntur fyrir elstu börnum leikskólans?</i>	22
7. <i>Hvert er viðhorf þitt/ýkkar til leiksins?</i>	23
8. <i>Hvernig nýtið þið leikinn sem kennslutæki/kennsluáðferð?</i>	25
9. <i>Telur þú/þið að eitthvað mætti betur fara í samstarfi leik- og grunnskóla? Hvað? Af hverju?</i>	27
ÁLYKTANIR OG TILLÖGUR.....	29
VIÐHORF OG HINDRANIR	30
AUKIN SAMFELLA	31
KENNSLUAÐFERÐIR SEM STUÐLA AÐ AUKINNI SAMFELLU	31
MARKMIÐ KÖNNUNARAÐFERÐARINNAR.....	32
<i>Þekking</i>	32

<i>Færni</i>	32
<i>Tilfinningar</i>	33
<i>Námsvenjur</i>	33
STIG KÖNNUNARÆFERÐARINNAR	33
<i>Fyrsta stig</i>	33
<i>Annað stig</i>	33
<i>Þriðja stig</i>	34
<i>Mat</i>	34
LEIKURINN SEM KENNSLUÆFERÐ – LEIÐ TIL AÐ TENGJA SKÓLASTIGIN	34
<i>Leikur – lífstjáning barna?</i>	34
<i>Hvað er leikur og hvernig læra börn í gegnum hann?</i>	36
BÆKLINGUR	39
LOKAORÐ	41
HEIMILDASKRÁ	43
FYLGISKJÖL	45

Inngangur

Í gegnum nám höfunda við Kennaraháskóla Íslands höfum við öðlast skilning á hve mikilvægt er að skapa börnum öruggt og traust umhverfi. Þetta á ekki síst við þegar kemur að því að takast á við þær miklu breytingar sem fylgja því að fara frá leikskóla yfir í grunnskóla. Samvinna milli þessara tveggja skólastofnana er stór þáttur í að gera flutninginn farsælan og árangursríkan fyrir ungu nemana. Kennarar beggja skólastiga ættu að geta sammælst um mikilvægi þeirra tímamóta sem börnin standa frammi fyrir við upphaf grunnskólagöngu.

Grunnskólinn er um margt frábrugðinn leikskólanum. Að því sögðu þurfa börnin að vera í stakk búin til að takast á við nýjar aðstæður og geta í meira mæli séð um sig sjálf. Ef vel er að verki staðið og börnunum hefur verið kynntur grunnskólinn þannig að þau viti hverju þau eigi von á, eru miklar líkur á að flutningurinn milli skólastiga gangi vel. Börnin fá jákvæða mynd af grunnskólanum sem leiðir til þess að þeim farnast betur að takast á við breytingar síðar á lífsleiðinni. Samfella í námi ungra barna er því mikilvæg. Nauðsyn þess að fá aukna vitneskju um hvernig staðið er að samstarfi leik- og grunnskóla og hvaða áhrif það hefur á samfellu í námi barna á mörkum skólastiga er ótvíræð.

Uppeldi og nám ungra barna er okkur mjög hugleikið og teljum við mikilvægt að vel sé staðið að verki. Í því samhengi er áhugavert að skoða hvernig staðið er að flutningi barna milli leikskóla og grunnskóla, hvernig samstarfi skólastiganna sé háttað. Einnig höfum við velt fyrir okkur hvort að samræmi sé milli krafna sem leik- og grunnskólar gera til barnanna. Er samfella í námi barna, hvernig standa leik- og grunnskólar að henni? Í framhaldi af því er áhugavert m.a. að kanna viðhorf leikskóla- og grunnskólakennara til leiksins. Líta þeir á hann sem námsleið eða sjá þeir hann einungis sem uppfyllingarefni í frímínútur grunnskólans og í frjálstan tíma leikskólans? Í framhaldi af þessum vangaveltum ákváðum við að gera okkar eigin rannsókn á samfellu í námi ungra barna og samstarfi milli leikskóla og grunnskóla hér á höfuðborgarsvæðinu. Ásamt því að leita svara í skrifum fræðimanna um samfellu í námi barna og samstarf milli skólastiga. Hversvegna það sé mikilvægt, hvernig væri æskilegt að staðið væri að því o.s.frv. Þetta gerðum við í þeim tilgangi að fá skýrari mynd af hver staða samstarfs milli skólastiganna er og þar með samfella í námi ungra barna. Við val rannsóknarspurninga höfðum við ofantalið til hliðsjónar.

Þessari ritgerð er ætlað að varpa ljósi á þessa þætti og er rannsóknarspurning okkar tvíþætt. Annarsvegar, hvernig er samvinna leik- og grunnskóla háttað? Hinsvegar, þarf að stuðla að aukinni samfellu í námi ungra barna og þá á hvaða hátt? Ef niðurstöður rannsóknar leiða í ljós

að ekki sé um nægjanlega samvinnu á milli skólastiganna að ræða þá er þörf á að leita leiða til að efla hana enn frekar, með hag barna að leiðarljósi.

Samstarf á milli leikskóla og grunnskóla

Oft virðast vera skörp skil á milli leikskóla og grunnskóla. Í langflestum tilfellum gengur þó leikskólabörnunum vel að aðlagast nýju umhverfi og starfsháttum grunnskólans en þar eru alltaf einhverjar undantekningar og eiga sum börn langt og erfitt ferli aðlögunar framundan við upphaf grunnskólagöngu. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að í einstaka tilfellum taki aðlögunin allan fyrsta bekk. Til að minna líkurnar á að svo verði þyrfti að efla samvinnu á milli leikskóla og grunnskóla, enda eru meginmarkmið skólastiganna þau sömu.

Stefnumörkun leikskóla og grunnskóla

Samkvæmt núgildandi lögum um leikskóla og grunnskóla er sameiginlegt hlutverk skólastiganna, í samvinnu við heimilin, að búa börn undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grunn að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í þjóðfélaginu. Löginn leggja einnig áherslu á samvinnu á milli skólastiga. Meginmunur laga um leikskóla og grunnskóla felst í því að nám í grunnskóla er lögbundið skyldunám barna frá 6 til 16 ára, þar sem lögð er megináhersla á formlegt nám barna. Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið en ekki er skólaskylda í leikskólum, þar er megináhersla á umönnun, hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði (Lög um grunnskóla 1995, Lög um leikskóla 1994).

Samkvæmt Aðalnámsskrám beggja skólastiga eru almenn markmið sambærileg en útfærslan mismunandi. Grunnskólinn leggur megináherslu á formlega kennslu fjölbreyttra námsgreina og mat á námsárangri. eru því námsgreinar og kennsluaðferðir þungamiðjan í starfinu. Leikskólinn leggur aftur á móti megin áherslu á leik, skapandi starf, lífsleikni, daglegar venjur og námssvið. Í leikskóla eru börnin að læra í gegnum leikinn, þar tileinka þau sér grunn að formlegu námi grunnskóla. Í leikskóla er lögð rík áhersla á leik og samskipti barna sem stuðlar að aukinni félagsfærni og sjálfsöryggi þeirra. Einnig kemur fram í Aðalnámsskrám beggja skólastiga áhersla á samvinnu milli skólastiganna til að auðvelda börnum flutning frá leikskóla í grunnskóla. Einnig er nefnt að æskilegt sé að kennarar beggja skólastiganna þekki til starfshátta og hugmyndafræði hvors annars og að þeir vinni í sameiningu að því að skapa samfellu milli skólastiganna (Aðalnámsskrá grunnskóla 1999, Aðalnámsskrá leikskóla 1999).

Samfella í námi barna

Þegar talað er um samfellu í námi barna er átt við að bilið á milli skólastiganna sé brúað, að grunnskólinn komi í eðlilegu framhaldi af leikskólanum, fyrir börn og foreldra þeirra.

Hugtakið samfella nær einnig yfir það að flæði og samhengi sé í þeim kröfum sem gerðar eru til barna í stað snöggra umskipta. Rannsóknir benda til mikilvægi samfellu í lífi og námi barna (Jóhanna Einarsdóttir 2004:210-211). Þegar börn flytjast af einu skólastigi á annað, frá leikskóla í grunnskóla, þarf að vera búið að undirbúa þær breytingar sem í vændum eru, því minna sem kemur barni og foreldrum þess á óvart því farsælla verður upphaf grunnskólagöngu (Aðalnámskrá grunnskóla 1999).

Bent hefur verið á að ákveðið samræmi þurfi að vera á milli leikskóla og grunnskóla hvað varðar hugmyndafræði, kennslufræði, skipulag og sýn skólastiganna á barnið (Jóhanna Einarsdóttir 2004:211, Jóhanna Einarsdóttir 1999:37). Niðurstöður rannsókna á samfellu í námi ungra barna bæði hérlendis og erlendis benda til að betur megi standa að þessum málaflokki. Það þyrfti að leita leiða til að stuðla að enn frekari samfellu í námi ungra barna. Sum börn kvíða því að hefja nám í grunnskóla, þau kvíða því að fara í skólann og eru hrædd við eldri nemendur, sérstaklega *unglingana*. Einnig sjá sum barnanna skólastjórann sem mikið yfirvald og hræðast hann jafnvel (Jóhanna Einarsdóttir 2003).

Breytingar eru eðlilegur þáttur mannlegrar tilveru, við förum af einu skólastigi á annað, fólk hefur sambúð, eignast börn, stundar vinnu, skiptir af einum vinnustað á annan og svo framvegis. Því er mikilvægt að öðlast færni í að takast á við breytingar snemma á lífsleiðinni. Það þýðir þó ekki að við sem erum fullorðin eigum ekki að leggja okkur öll fram um að auðvelda börnum breytingar, líkt og flutning á milli leikskóla og grunnskóla. Fram hefur komið að börn sem á einhvern hátt eiga í erfiðleikum með að flytjast á milli skólastiga, með félagslega, hegðunarlega eða námslega aðlögun að grunnskólanum, séu líklegri til að eiga áfram við þessa erfiðleika að stríða á skólagöngu sinni (Jóhanna Einarsdóttir 2004:210). Af þeim sökum má ætla að afar mikilvægt sé að hlúa sem best að börnum innan þessa breytingaferlis. Þar kemur samvinna á milli leikskóla og grunnskóla sterk inn og þarf að vera góð. Mikilvægt er að gera grunnskólann áhugaverðan og spennandi fyrir börnin.

Samkvæmt grein eftir Jóhönnu Einarsdóttur sem birtist í Netlu, „*Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn*“ (Jóhanna Einarsdóttir 2003) kemur fram að leikskólabörnin, sem tóku þátt í rannsókninni er greinin fjallar um hafa ákveðnar hugmyndir um leik- og grunnskóla og gera skýran greinarmun á þessum tveimur skólastigum. Þar kemur fram að börnin telja að

leikskólinn sé til að leika sér og vera með vinum sínum, á leikskólanum hafi þau val um viðfangsefni, en í grunnskólanum eigi maður alltaf að sitja kyrr við borð, læra að lesa, skrifa og reikna, þegja, hlusta á kennarann og rétta upp hönd. Í grein Jóhönnu er einnig sagt frá niðurstöðum sambærilegra erlendra rannsókna og samkvæmt þeim sýnir meirihluti barna tilhlökkun við upphaf grunnskólagöngu en sum kvíða því. Svipaðar niðurstöður koma fram hjá íslensku börnunum (Jóhanna Einarsdóttir 2003).

Flestir álíta upphaf grunnskólagöngu jákvæð og merk tímamót. Það eru þó ýmsir áhrifaþættir sem geta aukið kvíða barna við upphaf grunnskólagöngu og gert þeim erfiðara fyrir að takast á við og aðlagast þeim breytingum sem fylgja því að byrja í grunnskólanum. Börnin þurfa að takast á við töluverðar breytingar og það álag sem þeim fylgir, það eru gerðar nýjar væntingar til þeirra, þau þurfa að geta tekist á við öðruvísi verkefni, mætt nýjum áskorunum í námi, aðlagast breyttum hóp. Getu tekið á móti yrtum fyrirmælum og unnið úr þeim, geta hugsað og unnið með óhlutbundin hugtök, þau þurfa að sýna aukið sjálfstæði þar sem yfirleitt er einungis einn fullorðinn með hvern bekk. Börnin þurfa að mynda ný vináttutengsl. Það getur aukið sjálfstraust barns ef að einhver vinur þess fer í sama grunnskóla og þá helst í sama bekk. Einnig þarf að hafa í huga að börnin þurfa að aðlagast nýrri byggingu, grunnskólar eru yfirleitt í stærra húsnæði og jafnvel fleiri byggingum en leikskólar og þar er skipulag að mörgu leyti frábrugðið því sem börnin þekkja. Bekkjarstofur eru ólíkar deildum leikskóla og eru t.d. klósett oft staðsett fjarri bekkjarstofum og leiksvæðum (Fabian 2000, Fabian og Dunlop 2002, Margretts 2002:114).

Aðferðafræði rannsóknarinnar

Tegund rannsókna

Rannsókninni er ætlað að gefa ákveðna hugmynd um samstarf leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og er því lýsandi rannsókn. Rannsóknin er meginleg, þ.e. fengnar eru mælanlegar, tölfræðilegar niðurstöður. Spurningar eru blanda af opnum og lokuðum spurningum. Opnar spurningar gefa fólki færi á að svara með eigin orðum en lokaðar spurningar eru með fyrirfram ákveðna svarmöguleika.

Tilgangur og markmið rannsókna

Tilgangur þessarar rannsóknar var að afla upplýsinga um viðhorf leik- og grunnskólakennara til samstarfs milli skólastiga. Markmiðið var að kanna hversu mikið samstarf væri á milli leik- og grunnskóla. Í því augnamiði að fá mynd af þeirri samfellu sem er eða ekki er til staðar í

námi ungra barna. Ef lítið samstarf er væri hægt að kanna leiðir til að bæta samstarf milli skólastiganna og þar með stuðla að aukinni samfelli í námi ungra barna.

Skilgreining þýðis

Þýðið eru leik- og grunnskólakennarar á aldrinum 23-67 ára, í starfi innan leik- og grunnskóla á Íslandi.

Skilgreining úrtaks

Úrtakið eru 49 leikskóla- og grunnskólakennarar á aldrinum 23-67 ára. Tekið skal fram að ekki var spurt um aldur svarenda en spurt var hvort um væri að ræða skólastjórnenda eða kennara. Valdir voru handahófskennt 29 leik- og grunnskólar af höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru 12 grunnskólar og 17 leikskólar. Alls bárust svör frá 24 skólum, þar af 9 grunnskólum og 15 leikskólum. Upphaflega voru sendir út 85 spurningalistar og af þeim var 49 svarað. Fjöldi spurningalista sem fóru í hvern skóla voru frá einum og upp í sex.

Hönnun rannsóknar

Í ljósi þess að úrtakið var valið handahófskennt úr leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, skal tekið fram að þess var þó gætt að sem jöfnust dreifing yrði yfir höfuðborgarsvæðið.

Spurningalisti

Spurningalistinn inniheldur alls níu spurningar. Við hönnun spurningalista höfðu höfundar til hliðsjónar námskeiðið „Aðferðafræði rannsókna“ og ráðfærðu sig jafnframt við Höllu Jónsdóttur leiðsagnarkennara.

Aðferð við gagnasöfnun



Til þess að ná til sem flestra var ákveðið að hringja í skólastjórnendur þeirra leikskóla og grunnskóla sem lentu í úrtaki okkar. Tilgangur rannsóknarinnar var útskýrður og beðið um leyfi til að koma með spurningalista í viðkomandi skóla og jafnframt var spurt hversu marga spurningalista hver skóli teldi sig þurfa. Einnig var skýrt tekið fram að spurningalistarnir yrðu sóttir að viku liðinni. Það gekk misjafnlega að nálgast listana, í suma skóla þurftum við að koma þrisvar til fjórum sinnum og fengum þó ekki listana allsstaðar. Nokkrir skólar voru það liðlegir að þeir sendu okkur útfyllta spurningarlista í pósti eftir árángurslausar tilraunir okkar til að nálgast þá.


Greining og niðurstöður

Hér verður farið yfir þær niðurstöður sem komu fram við úrvinnslu spurningalistanna ásamt því að sett eru fram markmið hverrar spurningar.

1. Hvernig er samstarfi á milli leik- og grunnskóla háttað í þínu hverfi?

Markmiðið með þessari spurningu er að sjá hversu mikið samstarf starfsmenn leik- og grunnskólar telja vera á milli skólastiganna.








- | | | | |
|----|---------------------------------|----|------------------------|
| A. | Það er mjög mikið samstarf. | D. | Það er lítið samstarf. |
| B. | Það er eitthvert samstarf. | E. | Það er ekki til staðar |
| C. | Það er ekki í ákveðnum farvegi. | | |

- ▶ 100% tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ 45% svarenda töldu vera mjög mikið samstarf milli leik- og grunnskóla.
- ▶ Athygli vekur að 56% svarenda frá leikskólum töldu vera mjög mikið samstarf milli skólastiganna en einungis 32% svarenda frá grunnskólunum voru sama sinnis.
- ▶ Einnig má geta þess að engin taldi að samstarf milli skólastiganna væri ekki til staðar.

2. Hvernig er samstarfi/samvinnu á milli leik- og grunnskóla háttað?

Markmiðið með þessari spurningu var að athuga hvernig samstarfi á milli leik- og grunnskóla er háttað. Á hvaða hátt er unnið að samstarfi til að auka samfellu í námi barna.

Í þessari spurningu var gefinn kostur á að merkja við alla þá svarmöguleika sem svarendur töldu viðeigandi, ásamt möguleikanum á að svara með eigin orðum.






- | | |
|--|---|
| <p>A. Elstu börn leikskólans koma í heimsókn í grunnskólann.</p> <p>B. Yngri bekkir grunnskólans fara í heimsóknir á leikskólann.</p> <p>C. Það eru sameiginlegir íþróttatímar elstu barna leikskólans og yngri bekkja grunnskólans.</p> <p>D. Yngri bekkir grunnskólans eru lestrarvínir elstu barna leikskólans.</p> <p>E. Það eru samráðsfundir leikskólakennara og grunnskólakennara.</p> <p>F. Það eru skilafundir.</p> <p>G. Skólastjórnendur hafa yfirumsjón með skipulagningu samstarfsins.</p> <p>H. Það er farið í sameiginlegar vettvangsferðir með yngri bekki</p> | <p>grunnskólans og elstu börnin á leikskólanum.</p> <p>I. Börn í yngstu bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans vinna að sameiginlegum verkefnum.</p> <p>J. Könnunaraðferðin er nýtt í vinnu með börnum í yngstu bekkjum grunnskóla og elstu börnum á leikskóla.</p> <p>K. Leikurinn er markvisst notaður sem kennsluáðferð í grunnskólanum til að stuðla að aukinni samfelli á milli skólastiganna.</p> <p>L. Annað</p> |
|--|---|

- ▶ 100% tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ Af þeim sem tóku afstöðu voru 100% sem sögðu að elstu börn leikskólans kæmu í heimsókn í grunnskólann.
- ▶ 73% sögðu að það væru samráðsfundir milli leikskólakennara og grunnskólakennara.
- ▶ 43% svarenda svöruðu með eigin orðum, svörin voru margvísleg.

3. Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna skili sér í betra starfi og aukinni samfelli í námi barnanna?

Markmiðið með þessari spurningu er að athuga hversu mikilvægt leik- og grunnskólakennarar telja samstarf á milli skólastiganna vera.








- | | |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| A. Já, það skiptir miklu máli. | D. Það skiptir ekki svo miklu máli. |
| B. Það er ágætt að hafa samstarf. | E. Nei, það skiptir engu máli. |
| C. Hvorki né. | |

- ▶ 100% tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ Af þeim sem tóku afstöðu voru 76% sem töldu að samstarf milli skólastiganna skili sér í betra starfi og aukinni samfellu í námi barna.

4. Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna stuðli að betri undirbúningi barnanna fyrir upphaf grunnskólagöngu?

Markmiðið með þessari spurningu er að athuga hvort leik- og grunnskólakennarar telji að samstarf milli skólastiganna skili sér í betra starfi og aukinni samfellu í námi barna.






- | | |
|------------------------------------|-------------------------------------|
| A. Já, það hefur mikil áhrif. | D. Það skiptir ekki svo miklu máli. |
| B. Það hefur einhver jákvæð áhrif. | E. Nei, það hefur engin áhrif. |
| C. Hvorki né. | |

- ▶ 100% svarenda tóku afstöðu, eða 49 manns.
- ▶ 74% svarenda töldu að samstarf milli skólastiganna stuðlaði að betur undirbúnum börnum við upphaf grunnskólagöngu.
- ▶ 64% svarenda frá grunnskólum töldu samstarf milli skólastiganna hafa mikil áhrif á undirbúning barnanna og 36% töldu það hafa einhver jákvæð áhrif.
- ▶ 81% svarenda frá leikskóla töldu samstarf milli skólastiganna hafa mikil áhrif á undirbúning barnanna.
- ▶ 15% töldu það hafa einhver jákvæð áhrif og 4% svaraði hvorki né.
- ▶ Athygli vekur að 94% svarenda töldu samstarf milli skólastiganna hafa mikil áhrif eða töldu það hafa einhver jákvæð áhrif.


5. Hversu undirbúin telur þú/þið að börnin komi frá leikskólunum?

Markmiðið með þessari spurningu er að athuga hvort leik- og grunnskólakennarar telji börnin koma nógu vel undirbúin í grunnskólann. Eru þau orðin nægjanlega fær til þess að fást við það sem fer fram í grunnskólum.


Hversu undirbúin telur þú/þið að börnin komi frá leikskólunum?



Svör frá grunnskólum



Svör frá leikskólum





- A. Mjög vel.
- B. Frekar vel.
- C. Hvorki né.
- D. Frekar illa.
- E. Mjög illa

- ▶ 100% svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ Athygli vekur að 26% svarenda frá grunnskólum töldu að börnin kæmu mjög vel undirbúin en 67% svarenda frá leikskólum töldu að börnin færu mjög vel undirbúin í grunnskóla.
- ▶ 58% svarenda frá grunnskólum töldu börnin frekar vel undirbúin og 29% svarenda frá leikskólum töldu þau frekar vel undirbúin.
- ▶ 16% svarenda frá grunnskólum töldu að börn væru hvorki né, eða frekar illa undirbúin á móti 4% svarenda frá leikskólum sem töldu þau frekar illa undirbúin.

6. Fá leikskólabörn (skólahópur) kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1.bekk?

Markmiðið með þessari spurningu er að komast að því hvort að elstu börnin á leikskólum (skólahópur) fái kynningu á grunnskólanum áður en þau hæfu nám í 1.bekk.








- ▶ 94% svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar, þar af var 100% svörun frá leikskólum en 86% svörun frá grunnskólum.
- ▶ Athygli vekur að 94% svarenda töldu að leikskólabörn fái kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1.bekk en þau 6% sem eftir eru svöruðu ekki spurningunni.
- ▶ Samkvæmt þessu má ætla að börn í leikskólum fá flest ef ekki öll einhverja kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1. bekk.

6. A. Hvernig er grunnskólinn kynntur fyrir leikskólabörnum?

Markmiðið með þessari spurningu er að sjá hvernig grunnskólinn er kynntur fyrir leikskólabörnum. Í þessari spurningu var gefin kostur á að merkja við alla þá svarmöguleika sem svarendur töldu viðeigandi, ásamt möguleikanum á að svara með eigin orðum.








- | | |
|---|---|
| <p>A. Leikskólabörnum í skólahóp er boðið í heimsókn í grunnskólann.</p> <p>B. Börn í 1. og/eða 2. bekk fara í heimsókn á leikskólann.</p> <p>C. Unnið er eftir ákveðinni áætlun sem felur í sér heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og heimsóknir barna úr 1. og/eða 2. bekk á leikskólann.</p> | <p>D. Börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans vinna að sameiginlegum verkefnum.</p> <p>E. Börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans fara í sameiginlegar vettvangsferðir.</p> <p>F. Grunnskólinn hefur opið hús fyrir elstu börn leikskólans.</p> <p>G. Annað</p> |
|---|---|

- ▶ 100% svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ 94% svarenda nefndu að leikskólabörnum í skólahóp væri boðið í heimsókn í grunnskólann.
- ▶ Athygli vekur að aðeins 6% nefndu að börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans væru að vinna að sameiginlegum verkefnum. Einnig voru aðeins 6% sem nefndu að börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans fari í sameiginlegar vettvangsferðir.
- ▶ Fram kom að 10% aðspurðra sögðu að grunnskólinn hefði opið hús fyrir elstu börn leikskólans.
- ▶ Draga má þá ályktun að grunnskólinn sé aðallega kynntur fyrir leikskólabörnum með skipulögðum heimsóknum þangað.

6.B. Af hverju er grunnskólinn ekki kynntur fyrir elstu börnum leikskólans?

Markmiðið með þessari spurningu er að sjá hvað hindrar að grunnskólinn sé kynntur fyrir elstu börnum leikskóla.





- | | |
|--|---|
| <p>A. Grunnskólinn hefur ekki áhuga.</p> <p>B. Leikskólinn hefur ekki áhuga.</p> | <p>C. Það er óþarfi að kynna grunnskólann fyrir elstu börnum leikskólans.</p> <p>D. Annað</p> |
|--|---|




► 92% svarenda svöruðu ekki þessari spurningu, þar sem þeir töldu að leikskólabörnum væri kynntur grunnskólinn og svöruðu því spurningu 6.A.

► 8% svöruðu. Þar af voru 2% sem töldu leikskólann ekki hafa áhuga, 6% völdu svarmöguleikann annað og var ekki samhljómur í svörum þar, t.d. kom fram svarið „veit ekki“.

► Athygli vekur að 5% svarenda frá grunnskólum töldu að leikskólinn hefði ekki áhuga á kynningu á grunnskólanum fyrir skólahóp.

7. Hvert er viðhorf þitt/ykkar til leiksins?

Markmiðið með þessari spurningu er að sjá hvaða viðhorf eru til leikja og hvort það sé einhver munur á milli leik- og grunnskóla. Í þessari spurningu var gefin kostur á að merkja við alla þá svarmöguleika sem svarendur töldu viðeigandi, ásamt möguleikanum á að svara með eigin orðum.






- A. Leikurinn er góð kennsluaðferð/kennslutæki.
- B. Leikurinn á heima í frímínútum og leikskólum.
- C. Leikurinn er ein af námsleiðum barnanna.
- D. Ekki á að nýta leikinn til náms.
- E. Börn eiga að fá nægan tíma til frjáls leiks.
- F. Annað.

- ▶ 100% svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ 98% töldu leikinn vera góða kennsluaðferð/kennslutæki.
- ▶ 88% töldu leikinn vera eina af námsleiðum barnanna.
- ▶ Mikill samrómur var milli grunnskóla og leikskóla um mikilvægi leiksins.

8. Hvernig nýtið þið leikinn sem kennslutæki/kennsluaðferð?

Markmiðið með þessari spurningu er að athuga hvernig leikurinn sé nýttur sem kennslutæki/kennsluaðferð. Í þessari spurningu var gefin kostur á að merkja við alla þá svarmöguleika sem svarendur töldu viðeigandi, ásamt möguleikanum á að svara með eigin orðum.





- | | |
|--|---|
| <p>A. Nýtum leikinn til að efla bekkjarandann.</p> <p>B. Nýtum leikinn til að kenna börnunum lestur.</p> <p>C. Nýtum leikinn til að kenna börnunum stærðfræði.</p> | <p>D. Nýtum leikinn til að kenna börnunum lífsleikni.</p> <p>E. Nýtum leikinn til að kenna börnunum að umgagnast önnur börn.</p> <p>F. Nýtum leikinn til að efla sjálfstraust barnanna.</p> |
|--|---|

G. Leikurinn er hluti af skapandi starfi barnanna.



I. Annað


H. Innan leiksins er hægt að efla félagsfærni barna.

- ▶ 100% svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar, eða 49 manns.
- ▶ Athygli vekur að leikurinn er mikið nýttur á báðum skólastigunum. Leikurinn er notaður til að ná til barna á fjölbreyttan hátt.

9. Telur þú/þið að eitthvað mætti betur fara í samstarfi leik- og grunnskóla? Hvað? Af hverju?

Markmiðið með þessari spurningu er að fá hugmyndir frá leik- og grunnskólakennurum um hvað betur megi fara í samstarfi þeirra og þá hvað og hvernig. Í þessari spurningu var einungis gefin kostur á að að svara með eigin orðum.





- ▶ 61% svöruðu spurningunni og 39% svöruðu henni ekki.
- ▶ Svarendur frá grunnskólum voru 64% en 59% frá leikskólum.

Margvísleg svör komu fram við spurningunni hvort eitthvað mætti betur fara í samstarfi leik- og grunnskóla? Hvað? Af hverju? Hér á eftir eru nokkur dæmi. Fram kom:

- ▶ að gott samstarf væri milli skólastiganna, en lengi mætti gott bæta.
- ▶ að auka mætti samstarf milli leik- og grunnskólakennara, þannig mætti skapa jákvæð tengsl milli skólastiganna.
- ▶ að verið væri að vinna í að efla samstarf milli skólastiganna og að það væri æskileg þróun þar sem allir græði á því.
- ▶ sú hugmynd að skólahópar leikskólanna gætu fengið vinnuáðstöðu í grunnskólanum fyrir sérstakar stundir.
- ▶ að gott væri að leikskólinn skipulegði heimsóknir til sín fyrir 6 ára börnin.
- ▶ að sameiginleg verkefni séu mjög gagnleg til að kynnast og skapa öryggi, þeim mætti fjölga.
- ▶ að aðaláhersla væri lögð á kynningu húsnæðis sem væri gott en leik-og grunnskólakennarar þyrftu umræðugrundvöll til að auka, styrkja og efla samfellu í námi ungra barna.
- ▶ að grunnskólakennarar mættu taka í meira mæli upp kennsluáferðir leikskólakennara.
- ▶ að þótt vilji sé fyrir hendi og orð og stefnur ljósar í átt til samstarfs þá sé það ekki endilega á borði. Faglegt samstarf starfsfólks ætti að vera meira.

- ▶ að stundaskrá grunnskólans sé stíf og það kosti mikið skipulag að fara út úr húsi. Eins að fá hópa í heimsókn. En ekki eigi að láta það aftra sér frá samstarfi grunnskóla og leikskóla.
- ▶ að meiri tími í samráð kennara beggja skólastiga væri æskilegur. Margar hugmyndir hafi ekki orðið að veruleika vegna tímaskorts – og skorts á sameiginlegum undirbúningi.
- ▶ að það mætti samþætta námsleiðir. Þyrfti að koma fram í námskrám beggja skólastiga til að verði markvisst.
- ▶ að frumkvæði skorti frá grunnskólunum að samstarfi milli skólastiganna.

Ályktanir og tillögur

Hér að neðan eru þær niðurstöður sem okkur þóttu hvað áhugaverðastar, fyrir utan svör við spurningu níu. Í framhaldi af þessum punktum komum við með þær ályktanir og tillögur sem við teljum að draga megi af niðurstöðunum.

- ▶ Athygli vekur að 56% svarenda frá leikskólum töldu vera mjög mikið samstarf milli skólastiganna en einungis 32% svarenda frá grunnskólunum voru sama sinnis. Einnig má geta þess að engin taldi að samstarf milli skólastiganna væri ekki til staðar.
- ▶ Af þeim sem tóku afstöðu voru 100% sem sögðu að elstu börn leikskólans kæmu í heimsókn í grunnskólann. Þar af leiðir að ætla má að flest ef ekki öll leikskólabörn fái einhverja kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1. bekk.
- ▶ 73% sögðu að það væru samráðsfundir milli leikskólakennara og grunnskólakennara.
- ▶ 76% þeirra sem tóku afstöðu töldu að samstarf milli skólastiganna skilaði sér í betra starfi og aukinni samfellu í námi barna.
- ▶ 64% svarenda frá grunnskólum töldu samstarf milli skólastiganna hafa mikil áhrif á hversu undirbúin börnin væru við upphaf grunnskólagöngu og 36% töldu það hafa einhver jákvæð áhrif.
- ▶ Athygli vekur að 26% svarenda frá grunnskólum töldu að börnin kæmu mjög vel undirbúin en 67% svarenda frá leikskólum töldu að börnin færu mjög vel undirbúin í grunnskóla.
- ▶ Greinilega kom fram að grunnskólinn er aðallega kynntur fyrir leikskólabörnum með skipulögðum heimsóknum í grunnskólann.
- ▶ 98% töldu leikinn vera góða kennsluáferð/kennslutæki og mikill samhljómur var milli grunnskóla og leikskóla um mikilvægi hans.

Út frá þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að þótt eitthvert samstarf sé til staðar milli skólastiganna, megi efla það til muna. Jákvæð samskipti og gott samstarf milli leikskóla og grunnskóla eru forsenda þess að skapa samfellu í námi ungra barna og ættu allir að geta sammælst um mikilvægi þess.

Fram kom að flestir svarendur eru þeirrar skoðunar að æskilegt væri að efla samstarf milli skólastiganna þar eð það kæmi öllum sem að þeim standa til góða og þá sérstaklega börnunum.

Í því augnamiði að styrkja samstarf leikskóla og grunnskóla teljum við æskilegt að komið væri inn á hvernig bæri að haga samstarfinu og hvaða hlutverk hvort skólastig hefði þar inn í Aðalnámskrám beggja skólastiga. Einnig gæti verið góð leið að gerð yrði sérstök námskrá fyrir leik- og grunnskóla miðuð við börn á aldrinum fjögurra til átta ára, þar sem m.a. væri farið ítarlega yfir hvernig mætti styrkja samstarfið og þar með stuðla að aukinni samfellu í námi ungra barna. Til dæmis hvaða námsmarkmið hvort skólastig fyrir sig ætti að vinna að. Til að mynda teljum við að æskilegt væri að allir leikskólar nýttu námsefnið „Markviss málörvun“ í starfi með börnum, það hefur gefið góða raun sem grunnur að lestrarnámi. Einnig væri gott að koma inn á hvaða verkefni börn beggja skólastiga gætu unnið að í sameiningu og þá hvernig. Ef/þegar farið yrði út í að gera sameiginlega námskrá, væri gott að meta hana þegar komin væri reynsla á hana. Það gæti verið hugmynd að gera ítarlega rannsókn á hvaða áhrif hún hefði úti í starfinu eftir t.d. eitt ár. Í ljósi niðurstaðna þeirra rannsókna væri hægt að betrumbæta og þróa samstarfið enn frekar.

Sömu leiðis gæti verið góð leið að nýta könnunaraðferðina og leikinn í vinnu með börnum beggja skólastiga, en nánar verður farið út í það síðar í ritsmíði þessari.

Viðhorf og hindranir

Fram kemur í rannsókn Jöhönnu Einarsdóttur „*Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin*“ (Jóhanna Einarsdóttir 2004) að meirihluti íslenskra leikskólakennara og grunnskólakennara telji skort á fé og tíma vera helstu hindrun þess að kennarar geti nýtt aðferðir, sem þeir annars telja æskilegar, til að stuðla að aukinni samfellu í námi ungra barna (Jóhanna Einarsdóttir 2004:221). Einnig hefur fyrirnefnd rannsókn Jöhönnu Einarsdóttur (2004) sýnt fram á ákveðinn mun á viðhorfum leikskólakennara og grunnskólakennara til þess hvað samstarf á milli skólastiganna eigi að innihalda. Þar kemur m.a. fram að mörgum leikskólakennurum þyki æskilegt að halda sameiginlega fundi með grunnskólakennurum í þeim tilgangi að ræða samfellu í námi ungra barna, markmið og leiðir og reyni að samræma kennsluáðferðir skólastiganna. Margir grunnskólakennarar álitu þetta jákvæða hugmynd en

erfiða í framkvæmd, flestir þeirra nefndu að þeir kysu fundi um einstök börn og vildu fá skýrslur frá leikskólum um þau (Jóhanna Einarsdóttir 2004:222).

Það eru fjölmargar leiðir færar til að stuðla að aukinni samfelli í námi ungra barna. Allar velta þær þó á samstarfsvilja og samskiptum leikskólakennara og grunnskólakennara. Einnig er mikilvægt að þeim sé búin aðstaða og aðstæður til að sinna þessu samstarfi, ríki og sveitarfélög þurfa að haga því þannig að kennarar beggja skólastiga hafi tíma og fjármagn til að sinna þessu mikilvæga starfi.

Aukin samfella

Líkt og fyrr hefur komið fram eru fjölmargar leiðir færar til að stuðla að aukinni samfelli í námi ungra barna. Þar skipta samskipti og samstarfsvilji höfuðmáli. Ein leið er að gera breytingaáætlun, þar sem farið er yfir hvaða atriði eru líkleg til að hjálpa börnum að aðlagast grunnskólanum og hvernig beri að standa að þeim.

Því betur sem börnin þekkja grunnskólann því auðveldari verður aðlögunin að honum. Það þyrfti að þróa breytingaáætlun fyrir leikskóla og grunnskóla, þar sem megin markmið eru að skapa tengsl á milli barna, fjölskyldna, leikskóla og grunnskóla (Margretts 2002:111). Æskilegt væri að ríkisvaldið kæmi að þessu með gerð nýrrar Aðalnámskrár fyrir leikskóla og grunnskóla. Þar innan væri sameiginleg heildstæð námskrá fyrir börn á aldrinum fjögurra til átta ára, sú aðferð væri líkleg til að stuðla að samræmi í hugmyndafræði, kennslufræði og skipulagi skólastiganna (Jóhanna Einarsdóttir 1999:39). Í slíkri námskrá yrði kafli um flutning á milli skólastiga og þar kæmi fram, hvers væri ætlast til af leikskólum og grunnskólum. Hvernig væri æskilegt að samstarfi og útfærslu markmiða yrði háttáð. Mögulega væri heppilegast að hvert skólahverfi sæi um útfærslu á leiðum og markmiðum fyrir alla skóla hverfisins, bæði leikskóla og grunnskóla. Í því skyni væri gott að skipa teymi, innan teymisins yrðu þá bæði kennarar frá grunnskólum, leikskólum, foreldrar og fagaðilar tengdir skólastigunum. Hlutverk teymisins væri að gera breytingaáætlun, þar sem samfella í námi ungra barna er höfð að leiðarljósi. Þessi breytingaáætlun yrði þar með sameiginleg fyrir alla skóla hverfisins (Margretts 2002:112). Ef vel er að verki staðið má þannig stuðla að því að draga úr kvíða barna fyrir upphafi grunnskólagöngu og er grunnskólanum gert kleift að koma til móts við börn frá fyrsta degi.

Kennsluaðferðir sem stuðla að aukinni samfelli

Ein aðferð til að skapa tengingu á milli skólastiganna er náms- og kennsluaðferðin „*the project approach*“ eða könnunaraðferðin. Könnunaraðferðin hentar bæði leikskólabörnum og

grunnskólabörnum og með því að nýta hana á báðum skólastigum er hægt að byggja brú á milli skólastiganna.

Hér á eftir verður lítillega fjallað um könnunaraðferðina.

Markmið könnunaraðferðarinnar

Innan könnunaraðferðarinnar eru fjögur meginmarkmið, þau eru: þekking, færni, tilfinningar og námsvenjur. Könnunaraðferðin getur verið góð leið til að ná fram markmiðum leikskóla og grunnskóla með uppgötvunarnámi á margvíslegan hátt.

Þekking

Könnunaraðferðin er náms- og kennsluaðferð sem byggir á því að viðfangsefnið hverju sinni sé rannsakað ítarlega af litlum hópum barna (Helm og Katz 2001:1).

Í rannsóknarferlinu eru börnin að afla sér þekkingar á viðfangsefninu ásamt almennri lífsleikni. Æskilegt er að börnin hafi einhverja sameiginlega þekkingu/reynslu af viðfangsefninu sem síðan er hægt að byggja ofan á (Helm og Katz 2001:12, 20). Áhugi barnanna á viðfangsefninu á að vera útgangspunktur ferlisins og er það hann sem heldur könnuninni gangandi. Þegar unnið er með könnunaraðferðina er mikilvægt að hafa í huga námssvið leikskóla og námsmarkmið grunnskóla og flétta þau inn í ferlið. Fyrstu æviárin eru mikilvægur tími fyrir allan almennan þroska. Börn verða vitsmunalega forvitin, þau hafa þörf fyrir að rannsaka umhverfi sitt og er æskilegt að þeim sé gefinn kostur á því í litlum hópum, með virku námi, óháð getu þeirra og þroska (Helm og Katz 2001:1).

Færni

Þegar unnið er með könnunaraðferðina vinna börnin náið saman í hópum og stuðlar það að auknum félagslegum þroska. Börnin eru að öðlast nýja reynslu, færni og eru stöðugt að þjálfa samskipti sín á milli. Einnig stuðlar þessi samvinna að auknu sjálfstæði í vinnubrögðum, börnin eru að fá tækifæri til að leita svara við eigin spurningum á eigin forsendum og ýtir það jafnframt undir sjálfstraust þeirra (Helm og Katz 2001:5). Börnin rannsaka viðfangsefnið ítarlega og nýta til þess fjölbreyttar aðferðir. Þau eru hvött til þess að vera virkir þátttakendur í eigin námi og rannsóknum. Það er m.a. gert með því að velja viðfangsefni út frá áhugasviði þeirra (Helm og Katz 2001:2). Kennari metur núverandi þekkingu barnanna á viðfangsefninu, t.d. með því að gera þekkingarvef, hvað vitum við núna? Hann skipuleggur verkefnið út frá núverandi þekkingu barnanna á viðfangsefninu, hvað viljum við vita meira?

Tilfinningar

Með hópastarfi öðlast barnið skilning á gildi samvinnu og samskipta við annað fólk. Þau eru hvött til að spyrja spurninga (Helm og Katz 2001:23). Mikilvægt er að styðja barnið í að finna sig innan hópsins, að það tilheyri honum og hafi eitthvað merkilegt fram að færa, allir hafa eitthvað til málanna að leggja. Allir eru góðir í einhverju, enginn er góður í öllu. Með hópastarfinu þroskar barnið með sér samkennd, tillitsemi, ábyrgðartilfinningu, félagslega færni og lífsleikni (Helm og Katz 2001:5).

Námsvenjur

Börnin eru virkir þátttakendur í eigin námi og með könnunaraðferðinni er lagður grunnur að sjálfstæðum námsvenjum síðar á lífsleiðinni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem hafa unnið eftir könnunaraðferðinni standa jafnan betur að vígi í námi síðar á lífsleiðinni (Helm og Katz 2001:5). Kennari þarf að vera vakandi fyrir að nýta fjölbreyttar náms/kennsluaðferðir með barnahópnum. Hann þarf að veita því eftirtekt hvaða aðferð/nálgun á viðfangsefninu hentar hverju og einu barni best til að það nái að tileinka sér nýja færni og þekkingu. Börnin eru virk í að skipuleggja verkefnið með aðstoð kennara, þau rannsaka viðfangsefnið og nýta til þess m.a. bækur, tölvur, rannsóknarferðir og heimsókn sérfræðings (Helm og Katz 2001:32, 35).

Stig könnunaraðferðarinnar

Vinna með viðfangsefni innan könnunaraðferðarinnar er góð leið til að vinna með börnum á þeirra forsendum. Þar er verið að vinna með viðfangsefni sem börnin velja og verður vinnan því merkingabær fyrir þau. Ferlið í vinnu með könnunaraðferðina skiptist í þrjú stig.

Fyrsta stig

Á fyrsta stiginu er viðfangsefni valið, þetta gera börnin saman sem hópur með aðstoð kennarans. Þegar börnin hafa valið viðfangsefni ræða þau um hvað þau vita nú þegar um það og rifja upp fyrri reynslu tengda því. Þar næst setja þau fram spurningar sem þau vilja leita svara við. Á þessu stigi er fyrsti þekkingarvefurinn gerður (Helm og Katz 2001:12-13, 23).

Annað stig

Á öðru stigi eru börnin að leita svara við spurningum sínum. Þar koma inn vettvangsferðir/rannsóknarferðir, sérfræðingur/ar eru fengnir til að koma í skólann að ræða um viðfangsefnið og svara spurningum barnahópsins. Börnin eru að rannsaka viðfangsefnið

ofan í kjölinn, spá og spekúlera. Börnin skrá niðurstöður í máli og myndum, eru að tjá reynslu sína á fjölbreyttan hátt. Þetta stig einkennist af verklegri vinnu barnanna. Hlutverk kennarans er að halda utan um vinnu barnanna (Helm og Katz 2001:27-28).

Þriðja stig

Það sem einkennir þriðja stig er úrvinnsla upplýsinga og frágangsvinna tengd viðfangsefninu. Kennarinn lokar ferlinu með börnunum. Hann gerir lokavef með þeim, þannig er sú þekking sem börnin hafa aflað sér í ferlinu gerð sýnileg. Einnig fer fram mat á verkefningu með börnunum og er það gert með umræðum. Að lokum er börnunum gefinn kostur á að ákveða í sameiningu hvort og hvernig þau vilja gera afrakstur vinnunnar sýnilegan, og þá fyrir hverja, gæti t.d. verið fyrir annan barnahóp eða foreldra (Helm og Katz 2001:51-53).

Mat

Þegar unnið er með könnunaraðferðina er skráning ferlisins mikilvæg. Það er gott að kennari skrái hjá sér jafnóðum hvað er gert, hvað á að gera næst og hvernig gekk. Einnig getur verið gott að nýta atviksskráningu til að skrá áhugaverðar upptakomur. Hægt er að nýta fjölbreyttar skráningaraðferðir og verður hver og einn að meta hvað hentar hverju sinni. Skráning af einhverju tagi er þó mikilvæg því í lok ferlisins á að fara fram mat á vinnunni með börnunum, starfsfólki og jafnvel foreldrum (Helm og Katz 2001:65-66).

Leikurinn sem kennsluáferð – leið til að tengja skólastigin

Leikur skipar veigamikil hlutverk í lífi barna. Þar af leiðir að kjörið er fyrir kennara leik- og grunnskóla að horfa til leiksins sem kennsluáferðar. Skoða hvað börn nema í gegnum leik og hvernig mætti nýta hann á markvissan hátt til að miðla þekkingu og færni til barna.

Leikur – lífstjáning barna?

Börn eru félagsverur sem sækja í aðstæður þar sem félagsfærni þeirra fær að þroskast og njóta sín. Í leik s.s. hermileik eru miklir möguleikar til náms, bæði hvað varðar vitsmunalegan og líkamlegan þroska. Börn öðlast þekkingu, reynslu og nýja hæfni með því að líkja eftir öðrum og uppgötva (Fisher 2002:6). Frá unga aldri eru börn að læra á lífið í gegnum leik. Í hlutverkaleik setja þau sig í annarra spor og öðlast þannig innsýn í mismunandi hugsunarhátt og tilfinningar. Börnin þurfa að túlka hugsanir sínar í leiknum og hann örvar ímyndunarafl og sköpunargáfu. Hlutverkaleikur hefur einnig félagslegt gildi, börnin þurfa að taka tillit til

annarra og þar með eykst samstaða. Börn nota oft hlutverkaleik sem tæki ef þau lenda í tilfinningalegri togstreitu. Barnið reynir, með því að setja sjálf sig í hlutverk, að finna undankomuleið úr erfiðleikum. Sem dæmi má nefna Rósu, fimm ára, sem á í erfiðleikum með að stilla skap sitt. Rósa öskraði á mömmu sína þegar hún bað hana um að ganga frá leikföngunum sem lágu í gangveginum og nú er mamma reið og vill ekki vera vinur Rósu fyrr en Rósa biðst fyrirgefningar. Rósa vill fá að hafa dótið þarna og öskrar meira. Mamma gengur á brott, en eftir skamma stund heyrir hún Rósu vera að leika atburðinn með dúkkunum sínum. Rósa leikur bæði mömmu og sjálfa sig og líkir nákvæmlega eftir báðum, en breytir nafninu sínu á annarri brúðunni og heitir nú brúðan Sigga. Er fjör færast í leikinn er brúðan Sigga orðin reið og farin að segja ljóta hluti við mömmubróðu. Mamma Rósu getur nú ekki orða bundist og skakkar leikinn, en þá hoppar Rósa upp í fang mömmu og segir „Þetta var bara hún Sigga, nú er ég orðin góða Rósa þín aftur“. Með því að leika atburðinn reynir barnið að takast á við erfiðleikana og finna leið úr þeim ógöngum sem það var komið í (Ása Helga Ragnarsdóttir 1996:40).

Börnum er eðlislægt að tjá sig í gegnum leikinn og geta þar fengið útrás fyrir tilfinningar s.s. sorg, gleði, reiði, hræðslu, ástúð afbrýðisemi o.s.frv. Börn þurfa að finna til öryggis í umhverfi sínu til þess að þau geti gleymt sér í leiknum. Leikurinn er námsleið barnanna. Þau eru stöðugt að læra eitthvað nýtt og æfa sig m.a. í samskiptum, að máta hlutverk, tjá

Piaget, um leik barna:
„Leikurinn er atferli þar sem ný áhrif aðlagast og endurbæta gömul áhrif (þau sem fyrir eru). Í leiknum endurtaka og æfa börnin sig á því sem þau hafa upplifað og þegar þekkja og öðlast þar með meiri skilning og þroska. Í leiknum myndast ómeðvitað skapandi atferli“
(Guðbjörg Emilsdóttir 1981:4).

tilfinningar, leysa vandamál. Leikurinn stuðlar að auknum líkamlegum og vitsmunalegum þroska. Innan hins ímyndaða heims finna börn öryggi og áráðni til að máta aðstæður sem annars gætu verið þeim ofviða. Þau geta alltaf farið út úr leiknum ef/þegar aðstæður verða of ógnvekjandi og inn í öryggi raunveruleikans (Lillemyre.2001:18, Olofsson 1992:17,33). Leikur barna ber yfirleitt einhvern keim af þeirri menningu og því samfélagi

sem þau búa í. Börn leika hlutverk sem þau þekkja úr umhverfi sínu, þau nota reynslu að heiman eða af einhverju sem þau hafa upplifað. Til dæmis getur barn sem hefur nýlega farið í læknisskoðun orðið afar upptekið við að leika læknisleik. Í hlutverkaleiknum eru mikil samskipti í gangi, börnin skiptast á um að ráða og eru þá bæði að auka félagsfærni sína og málþroska. Börn nota ímyndunaraflíð óspart, en yngri börn þurfa þó að hafa raunverulega hluti í leiknum, s.s bollastell, eldavél, síma, búðarkassa o.s.frv. Málþroski og tungumál eru mikilvæg fyrir boðskipti barna. Vissulega geta börn leikið sér og tjáð sig með látbragði, en

Það er mikilvægt að þau geti jafnframt miðlað af reynslu sinni og vitneskju. Til þess þurfa þau að geta tjáð sig í mæltu máli og skilið tungumálið. Leikur hlýtur alltaf að auka þroska barna og félagsfærni, hvort sem hann fer fram inni í leikskólum, grunnskólum, úti á afgirtum leiksvæðum, á skólalóð, inni á heimilum, úti í náttúrunni eða í tölvu. Allt sem börn læra mótast af umhverfi þeirra og menningu. Þar með eflist áhugi þeirra á líðandi stund og því þjóðfélagi sem þau búa í (Fisher 2002:12-18, Lillemyre.2001:18-20, Manning-Morton 2003:84, Olofsson 1992:35, Van Hoorn:2003:67,76).

Regluleikir eru börnum jafn mikilvægir og sjálfsprottinn leikur. Innan regluleikjanna læra þau t.d. ríkjandi gildi og viðmið samfélagsins, þar læra þau m.a að sýna tillitsemi og að allir þurfa að fylgja reglunum. Þegar börn eru niðursokkin í leik er það kjörið tækifæri fyrir kennarann til að fylgjast með og sjá hvar þau eru stödd í þroska, hvernig er félagsfærnin, hvernig eru samskiptin, hvernig leikur er í gangi eru börnin í hlutverkaleik, hvar eru þau stödd þroskalega séð? (Lillemyre.2001:18-19).

Hvað er leikur og hvernig læra börn í gegnum hann?

Fjölmargar fræðikenningar eru til um leik. Mikið hefur verið rætt og ritað um leik barna frá fjölda sjónarhorna m.a. sögulegu, félagsfræðilegu, sálfræðilegu, málvísindalegu, bókmenntalegu, mannfræðilegu og uppeldisfræðilegu (Valborg Sigurðardóttir 1992:50). Lillemyr veltir upp þeirri hugmynd í bók sinni „*Lek pá alvor*“ (Lillemyr 2001) hvort hægt sé að sammælast um skilgreiningu á leik barna og eiginleikum hans.

Þar gengur hann út frá því að um tiltekna eiginleika leiks barna ríki almennur skilningur. Hann telur jafnframt að sameiginlegur skilningur á hugtakinu leikur sé mikilvægur útgangspunktur þegar kemur að kenningum um leik og framkvæmd.

Af þessum eiginleikum leiks má m.a. nefna:

- ▶ Leikur er eðlilegt atferli barna og ráðandi í lífi þeirra.
- ▶ Leikurinn sem slíkur virkjar barnið, hann er hvatning í sjálfu sér. Þar af leiðir að hann hefur mikla uppeldisfræðilega þýðingu.
- ▶ Leikurinn nær yfir breitt svið og virkjar bæði ímyndunarafl og tilfinningar.
- ▶ Leikur þjónar margvíslegum tilgangi fyrir börn. Sem dæmi má nefna að hann getur auðgað sköpunargáfu, stuðlað að lausn vandamála, styrkt sjálfsmynd og sjálfstraust. Einnig gefur leikurinn börnum tækifæri á að prófa skoðanir, gildi og norm, ásamt því að ýta undir vitrænan-, tilfinningalegan-, félagslegan- og líkamlegan þroska þeirra.
- ▶ Leikurinn er aðalþáttur barnamenningar og er því mikilvægt menningar- og samfélagsfyrirbæri.

Líkt og fyrr hefur komið fram læra börn í gegnum leik og má því segja að nám og leikur sé samtengt. Einnig stuðlar leikur barna að auknum alhliða þroska þeirra. Börn læra á umhverfi sitt, um þá menningu og það samfélag sem þau búa við í gegnum leik, t.d. í hlutverkaleik. Innan leiksins eru börnin að æfa sig í lausnaleit og á hinn fullorðni að gefa þeim færi á leysa úr eigin ágreining, þegar það er mögulegt. Leikurinn gefur gott tækifæri fyrir alla, hvort sem um er að ræða kennara, foreldra eða aðra sem koma að uppeldi barna, til að meta stöðu einstaks barns eða barnahóps. Það að fylgjast með barni í leik gefur upplýsingar um sterkar og veikar hliðar þess, hvar það er stött í þroska o.s.frv. (Lillemyr 2001:28-35).

Piaget hefur mikið rannsakað leik barna og setti hann fram kenningu um tengsl leiksins við þroska. Í kenningu sinni nálgast hann barnið og þroska þess út frá líffræði- og sálfræðilegum þáttum í tengslum við vitsmunarþroska.

Piaget taldi að leikur ætti sér stað þegar barn samlagar umhverfið að sér eða breytir raunveruleikanum í eigin þágu. Aftur á móti taldi hann að um eftirlíkingu væri að ræða, þegar barn lagar sig að umhverfinu eða líkir eftir athöfnum annarra. Samverkun þessara tveggja þátta, samlögunar og aðhæfingar, leiði til vitsmunalegrar þróunar.

Piaget taldi að barnið væri virkt í eigin þroska og áleit að félags- og menningarleg áhrif skiptu þar ekki höfuðmáli. Einnig hélt hann því fram að börn öðluðust þekkingu til að leysa ágreiningsefni innan jafningjasamskipta. Hann taldi jafningjasamskipti mikilvæg fyrir barnið þar eð samskipti barns og fullorðins einkenndust af eftirliti þess fullorðna.

Piaget þróaði kenningu um hvernig innihald og uppbygging eða form leiksins breytist eftir því sem börn eldast. Á skynhreyfiskeiði eru æfingaleikir ríkjandi hjá börnum. Tveggja til sjö ára börn eru mikið í ták- og þykjustuleikjum. Barnið bregður sér þá í hlutverk einhvers annars og/eða breytir merkingu hluta. Sjö til ellefu ára börn eru mjög upptekin af regluleikjum. Ýmist læra þau af leikjum með fyrirfram ákveðnum reglum eða þau búa til sínar eigin leikreglur. Piaget var einnig þeirra skoðunar að viðhorf barna til regluleikja legði grunninn að því hvernig barn lærir reglur og þá jafnframt fyrir þróun siðgæðisþroska (Berns 2004:27, Lillemyr 2001:93-104).

Menntastofnanir þyrftu að búa börnum lærdómsumhverfi og aðstæður sem hvetja til leiks. Þar væri æskilegt að boðið væri upp á fjölbreytt en jafnframt uppbyggilegt leikefni og opinn efnivið. Börn þurfa að fá tíma til að rannsaka, spyrja og uppgötva. Námsumhverfi sem býður upp á merkingabærar upplifanir virkjar einstaklinginn. Að vera virkur á allan hátt bæði líkamlega og vitsmunalega eykur þroska barnsins. Barnið er virkur þátttakandi þegar það kemur með eigin þekkingu og skilning á því sem athyglin beinist að (Fisher 2002:15). Dæmi: Börn geta lært að telja en skilja ekki hvað þau eru að læra fyrr en þau hafa það sjónrænt fyrir

framan sig t.d. með kubbum. Leikir barna endurspeglar þá menningu sem við búum við. Samkvæmt Parker (1984) eru keppnisleikir á borð við fótbolta, körfubolta og hafnarbolta þjálfun í að gera innrás á ákveðin svæði. Spil eru þjálfun í að blekkja og að reikna út líkur. Allir leikir reyna á minni, stjórnun og beitingu ákveðinna aðferða. Menningarleikir veita börnum tækifæri til að þjálfra hæfileika sem þau þurfa á að halda þegar þau verða fullorðin (Berns 2004:110, Hughes, 1989).

Félagsleg hæfni er færni barns til að eiga í samskiptum við aðra. Félagslega hæfnin kemur fram m.a. þegar börn sýna hvort öðru traust, umhyggjusemi, hjálp, samvinnu, læra að deila, og miðla reynslu. Innan jafningjasamskipta æfa börn þessa mikilvægu þætti. Börn byrja mjög ung að þróa með sér félagsfærni og oft hjálpa börn hvert öðru án þess að vera sérstaklega beðin um það. Það atferli stuðlar að því að barn fái tilfinningu fyrir sjálfu sér og greini á milli sjálfs sín og annarra. Dæmi: Nonni litli sem er að verða tveggja ára vill fá mjólk að drekka, hann er búinn að vera að benda á mjólkurfernuna. Pabbi Nonna tekur ekki eftir bendingunum, en Lilja fimm ára systir Nonna tekur eftir bendingum hans og vekur athygli pabba þeirra á þeim og Nonni fær mjólk. Þannig t.d. læra börn að treysta fullorðnum og öðrum börnum (Hatlestad 1998:1-5).

Félagsfærni er mikilvæg þegar kemur að leik og námi barna. Í greininni „*Social competence og samvær-vi er venner?*“ (Broström 1998) fjallar Broström um þrjá þætti sem einkenna börn sem standa sig vel félagslega. Þarna er hann að vísa í Harter frá árinu 1982, sem skrifar um félagsfærni barna.

A. Vitsmunalegur félagskilningur(social cognition)

Felur í sér að skilja félagslegar aðstæður og tákni sem þeim fylgja, eins og viðbrögð annarra og andlitssvipbrigði.

B. Áhugi(Motivational)

Barnið hefur áhuga á að kynnast öðrum og hefur trú á sjálfum sér.

C. Félagsleikni (Færdighedskomponent)

Leikni og færni barnsins við að nálgast önnur börn og koma sjálfu sér á framfæri (Broström 1998:114).

Barn sem býr yfir góðri félagsfærni hefur hæfileika til að lesa í aðstæður og á þar með auðveldara með að komast inn í leik annarra barna.

Leikur og nám eru samverkandi þættir því börn læra mest í gegnum leikinn. Í leiknum þurfa þau að koma með eigin hugmyndir og eiga samskipti við önnur börn. Piaget leit á leikinn sem aðferð þar sem barnið sameinar reynslu, þekkingu og skilning. Hann sá hvað börn þroskuðust mikið út frá leiknum (Fisher 2002:114). Barnið er virkur þátttakandi þegar það

kemur með eigin þekkingu og skilning á því sem athyglin beinist að. Það að vera virkur á allan hátt bæði líkamlega og vitsmunalega eykur þroska barna og félagsfærni. Ef barn tekur ekki þátt í daglegu starfi innan skólans má ætla að ekki fari mikið virkt nám fram. Það barn gæti einnig þurft aðstoð við að mynda félagatengsl og að æfa sig í samskiptum við önnur börn (Pramling 1995:38, Fisher 2002:12-15, Bromström 1998:46,114).

Í dag eyða börn almennt minni tíma í skipulagða leiki (feluleik, stórfiskaleik o.fl.), en þau gerðu fyrir einni kynslóð síðan. Ástæðan fyrir þessu er sú að nú er mikið framboð á tilbúnum leikjum með prentuðum leiðbeiningum og reglum auk tölvu- og videoleikja. Áhugamannakeppnir í hverfum, t.d. í handbolta og fótbolta, eru á undanhaldi hjá mörgum börnum. Í stað þessa stunda þau skipulagðar íþróttir sem er stjórnað af fullorðnum t.d. fótbolta; þ.e. íþróttir sem krefjast þess að farið sé eftir ákveðnum reglum og aðferðum. Ein af ástæðunum fyrir þessu teljum við vera öryggisleysi; foreldrar óttast að leyfa börnum sínum að leika sér eftirlitslaust. Þetta á sérstaklega við þegar báðir foreldrar eru útvinnandi (Berns 2004:110).

Bæklingur

Við gerð bæklingisins höfðum við til hliðsjónar niðurstöður rannsóknar okkar sem er að finna fyrir í ritmið þessari, viðtali höfunda við Guðlaugu Sjöfn Jónsdóttur (2007) leikskóla- og grunnskólakennara um samfellu í námi barna, ásamt því námi sem við höfum lagt stund á við Kennaraháskóla Íslands undanfarin ár. Við úrvinnslu spurningalistanna kom okkur á óvart að hve litlu leyti börnum var kynntur grunnskólinn á síðasta ári í leikskóla. Einnig urðum við hissa á að einungis 45% svarenda töldu vera mjög mikið samstarf milli leik- og grunnskóla. Athygli vekur að 56% svarenda frá leikskólum töldu vera mjög mikið samstarf milli skólastiganna en einungis 32% svarenda frá grunnskólunum voru sama sinnis. Við ákváðum því að gera hugmyndabækling. Þar sem komið er inn á hvernig væri mögulegt að styrkja samstarf leikskóla og grunnskóla. Ásamt því að koma með tillögur að leiðum til að auðvelda börnum flutning milli skólastiganna.

Fram kom í viðtali höfunda við Guðlaugu Sjöfn Jónsdóttur (2007) að bæði skólastigin þyrftu að sýna frumkvæði að auknu samstarfi. Hún taldi að koma þyrfti á meiri samskiptum milli skólastiganna í því augnamiði að stuðla að aukinni samfellu í námi barna. Heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann væru ekki nægjanlegar einar og sér. Hún lagði til að komið yrði á fundum leik- og grunnskólakennara, þar sem gæfist kostur á að ræða hvað verið væri að gera og hverju væri æskilegt að einbeita sér að, t.d. íslensku og stærðfræði. Í leikskólum væri verið að leggja grunn að lestrarnámi og talnaskilningi barna. Fram kom í fyrrnefndu viðtali að

hún taldi ekki vera rígg milli skólastiganna. Það sem takmarkaði samstarfið væri fremur óöryggi fagstéttana gagnvart hvor annarri. Þar kom einnig fram að vanda þyrfti til allra samskipta milli skólastiganna og forðast ágreining um smámuni. Það væri ekki líklegt til að stuðla að úrbótum ef önnur stéttin væri í vörn. Einnig kom fram að nemar á leikskólabraut fara í vettvangsnám í yngri bekki grunnskólans en nemar á grunnskólabraut fara ekki í leikskóla. Það gæti skapað sterkari tengsl milli fagstéttanna ef báðar þekkja til hugmyndafræði og starfshátta beggja skólastiga, líkt og komið er inn á í Aðalnámskrám beggja skólastiga, en þar er lögð áhersla á samstarf skólastiganna og tekið fram að æskilegt sé að kennarar beggja skólastiga þekki til hugmyndafræði og starfshátta hvors annars og vinni í sameiningu að því að skapa samfelli milli skólastiganna (Aðalnámskrá grunnskóla 1999, Aðalnámskrá leikskóla 1999, Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir 2007).

Lokaorð

Þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir B.Ed. ritgerð okkar þá kom í ljós brennandi áhugi okkar beggja á samstarfi leikskóla og grunnskóla, hvernig því væri háttað og hvort nægjanleg samfella væri í námi ungra barna á Íslandi. Því sóttumst við eftir að fá að skrifa lokaritgerð þessa saman, þvert á brautir, annar höfunda er að útskrifast sem leikskólakennari en hinn sem grunnskólakennari. Miðað við þann tíma sem tók að vinna sjálfa rannsóknina og vinna úr gögnum erum við fegnar að hafa unnið verkefnið saman þar sem það var ákaflega tímafrekt. Við höfum lært mikið í vinnuferlinu við gerð lokaritgerðarinnar bæði af niðurstöðum rannsóknarinnar og öðru henni tengdri.

Rannsóknarspurning okkar var tvíþætt, annarsvegar vorum við að skoða hvernig samvinnu leik- og grunnskóla er háttað og hinsvegar hvort stuðla þyrfti að aukinni samfellu í námi ungra barna og þá hvernig. Við teljum okkur hafa svarað þessum spurningum með eigin rannsókn og með því að leita svara í fræðum. Það bendir allt til að ekki sé um nægjanlega samfellu í námi ungra barna að ræða. Við teljum að takmarkað samstarf milli leikskóla og grunnskóla sé aðalástæða þess. Okkur fannst því full þörf á að gera hugmyndabækling sem gæti nýst kennurum beggja skólastiga við skipulag samstarfs í þeim tilgangi að auka samfellu í námi ungra barna. Hugmyndabæklingurinn fylgir ritgerðinni.

Niðurstöður rannsóknar okkar benda til þess að ekki sé um nægjanlega samfellu að ræða í námi barna. Þar af leiðir að styrkja þyrfti samstarf milli leik- og grunnskóla með hag barna að leiðarljósi. Öll viðleitni til samstarfs milli skólastiga í því augnamiði að stuðla að aukinni samfellu í námi ungra barna hlýtur að vera af hinu góða.

Sameiginleg námskrá myndi trúlega auðvelda samstarf milli skólastiganna.

Það er hlutverk leikskóla- og grunnskólakennara að búa börnum gott uppeldis- og námsumhverfi. Börn þurfa góðan grunn til að byggja ofan á og ætla má að fyrstu árin, bæði í leik- og grunnskólum hafi mótandi áhrif á viðhorf þeirra til náms í framtíðinni. Því er mikilvægt að vanda til verks og stuðla að því að fyrstu kynni barna af námsumhverfi beggja skólastiga séu jákvæð. Við teljum að mikilvægt sé að kennarar beggja skólastiganna séu sér meðvitaðir um að börn eru ólíkir einstaklingar og að sömu náms- og kennsluáðferðir henti ekki endilega öllum börnum.

Það kom okkur á óvart að ekki væri um meira samstarf að ræða milli leik- og grunnskóla en raun bar vitni. Taka skal fram að rannsókn okkar takmarkast af því að hafa einungis náð til ákveðins fjölda leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Mögulega gæti verið áhugavert að gera sambærilega rannsókn sem næði til fleiri skóla og dreifðist þá jafnvel yfir landið allt, eða

að kanna ítarlegar samstarf milli ákveðinna leik- og grunnskóla, með samfellu í námi barna að leiðarljósi. Leikskóla- og grunnskólakennarar voru almennt mjög sammála um mikilvægi samstarfs milli skólastiga, samfellu í námi ungra barna og mikilvægi leiksins. Þetta var ánægjulegt að heyra og teljum við að vilji til samstarfs sé fyrir hendi.

Fjölmargar spurningar vöknudú hjá okkur í vinnuferlinu sem áhugavert væri að fá svör við. Til dæmis hvernig gætu stjórnvöld komið að því að auðvelda samstarf milli skólastiganna? Hvernig gætu stjórnvöld stutt viðleitni skólastiga í að auka samfellu í námi barna? Hvernig gætu leikskóla- og grunnskólakennarar stuðlað að slíkum breytingum? Við teljum æskilegt að leikskóla- og grunnskólakennarar kæmu með einhverjum hætti að mótun nýrrar stefnu, ef af slíkri stefnumörkun yrði.

Það sem við vildum helst sjá í framhaldi af þessari vinnu er sameiginleg námskrá fyrir fjögurra til átta ára börn. Þar væri kominn samstarfsgrundvöllur fyrir leik- og grunnskóla, bæði skólastigin væru að vinna að sameiginlegum markmiðum og mögulega yrði meira samræmi í kröfum sem gerðar væru til barnanna. Einnig má ætla að aukið samstarf, sameiginleg markmið og svipaðar kröfur stuðli að aukinni samfellu í námi ungra barna. Ef þegar farið yrði út í að gera sameiginlega námskrá, væri gott að meta hana þegar komin væri reynsla á hana. Það gæti verið góð hugmynd að gera ítarlega rannsókn á hvaða áhrif hún hefði úti í starfinu eftir t.d. eitt ár. Í ljósi niðurstaðna þeirra rannsókna væri hægt að betrubæta og þróa samstarfið enn frekar.

Við teljum að við eigum eftir að búa að því að hafa unnið þetta verkefni, rannsóknina, bæklinginn og að hafa kafað í fræðin tengd samfellu í námi barna, leiknum, ofl. Þessi vinna hefur svarað mörgum spurningum en vakið enn fleiri. Sú þekking sem við höfum öðlast mun eflaust koma okkur til góða í starfi.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
<http://www.isment.is/vefir/namskra/g/almennt/almennur.html> [Sótt 4. apríl 2007].
- Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Ása Helga Ragnarsdóttir. 1996. *Hlutverkaleikur sem uppeldisaðferð.* Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Berns, Roberta M. 2004. *Child, Family, School, Community. Socialization and Support.* Fort Worth: Harcourt.
- Broström, S. 1998. *Social kompetence og samvær- vi er venner ik'?* Forlaget Systime A/S, Århus.
- Fabian, H. 2000. A seamless Transition?
<http://extranet.edfac.unimelb.edu.au/LED/tec/pdf/fabian1.pdf> [Sótt 28. mars 2007].
- Fabian, H. og Dunlop, A.W. 2002. Inter-conneXions.
<http://extranet.edfac.unimelb.edu.au/LED/tec/pdf/Interconnexions.pdf> [Sótt 28. mars 2007].
- Fisher, Julie. 2002. *Starting from the child: Teaching and learning from 3 to 8.* Önnur útgáfa. Cornwell Press Limited, Trowbridge. Great Britain.
- Guðbjörg Emilsdóttir. 1981. *Leikræn tjáning.* Offsetfjölritun birkis. Reykjavík.
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. 2007. Viðtal höfunda við Guðlaugu Sjöfn Jónsdóttur leikskóla- og grunnskólakennara um samfellu í námi barna og samstarf skólastiganna, 29 mars.
- Hatlestad, L., Rein, S.L., Eikssteh, T og Corneliusen, K. 1998. *Vil du sitte på fanget mit?* En btrakning over 1-3 áringenes prososiale kompetanse. Barnshagefolk, nr.4
- Helm, Judy Harris, Katz, Lilian. 2001. *Young investigators: the project approach in the early years*
- Jóhanna Einarsdóttir. 1999. Tengsl leikskóla og grunnskóla. *Ný menntamál* 3, 17:36-40.
- Jóhanna Einarsdóttir. 2003. „Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn. Viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla.“ *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.* Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
<http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm> [Sótt 19. nóvember 2006.]
- Jóhanna Einarsdóttir. 2004. Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 1:209-227.
- Lillemyr, O.F. 2001. *Lek pá alvor.* Oslo, Universitetsforlaget AS.

- Lög um grunnskóla nr. 66/1995. <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?xti=wwwtext/html/lagasofn/121b/1995066.html&leito=grunnsk%F3la#word1> [Sótt 4. apríl 2007].
- Lög um leikskóla nr. 78/1994. <http://www.althingi.is/lagasafn/nuna/1994078.html> [Sótt 4. apríl 2007].
- Manning – Morton, J., og Thorp, M. 2003. *Key times for play*. Open University Press, Berkshire.
- Margretts, K. 2002. Planning for transition programmes. Í *Transition in the early years*. Bls. 111-122. Ritstj. H. Fabian og W. Dunlop.
- Olofsson, B.K. 1992. *I lekens verden*. Pedagogisk Forum. Oslo.
- Pramling, I. 1995. *Barnehage for de yngste – en forskningsoversikt*. Pedagogisk forum. Oslo.
- Valborg Sigurðardóttir. 1992. *Leikur og leikgleði*. Fóstrufélag Íslands. Reykjavík.
- Van Hoorn, Judith., og Nourrot, Patricia Monighan., og Scales, Barbara., og Alward, Keith Rodriquez. 2003. *Play at the center of the curriculum*. Third edition. Pearson Education, Inc., Upper Saddele River, New Jersey.

Fylgiskjöl

Til skólustjóra leik- og grunnskóla, yngri barna kennara og leikskólakennara með skólahóp.

Reykjavík, 29. janúar 2007

Ágætu viðtakendur!

Við erum tveir nemar við Kennaraháskóla Íslands og erum að vinna sameiginlega að lokaverkefni.

Þessi könnun er liður í rannsókn okkar á samfellu í námi ungra barna og samstarf á milli leik- og grunnskóla.

Það kæmi sér afar vel fyrir okkur ef þið sæjuð ykkur fært að taka nokkrar mínútur í að svara könnuninni. Við munum sækja könnunina fimmtudaginn 1. febrúar 2007.

Hægt er að hafa samband við okkur á annað eftirtalinna netfanga, ef einhverjar spurningar vakna, evartoma@khi.is eða rancarna@khi.is.

Við viljum vekja athygli á að við munum ekki nafngreina ákveðna grunnskóla/leikskóla.

Einnig viljum við vekja athygli á að engum ber skylda til að svara könnuninni að hluta eða í heild, en við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum☺

Með fyrirfram þökkum fyrir þátttökuna.

Virðingarfyllt,

Eva Rós Tómasdóttir

Rán Árnadóttir

Til að auðvelda úrvinnslu vinsamlegast svarið eftirfarandi.

- Grunnskólastjóri
- Leikskólastjóri
- Grunnskólakennari með _____ bekk.
- Leikskólakennari með _____ ára börn.

1. Hvernig er samstarfi á milli leik- og grunnskóla háttað í þínu hverfi?

Vinsamlegast merkið við réttasta svarið.

- A. Það er mjög mikið samstarf.
- B. Það er eitthvert samstarf.
- C. Það er ekki í ákveðnum farvegi.
- D. Það er lítið samstarf.
- E. Það er ekki til staðar.

2. Hvernig er samstarfi/samvinnu á milli leik- og grunnskóla háttað?

Vinsamlegast merkið við allt sem við á:

- A. Elstu börn leikskólans koma í heimsókn í grunnskólann.
- B. Yngri bekkir grunnskólans fara í heimsóknir á leikskólann.
- C. Það eru sameiginlegir íþróttatímar elstu barna leikskólans og yngri bekkja grunnskólans.
- D. Yngri bekkir grunnskólans eru lestrarvinir elstu barna leikskólans.
- E. Það eru samráðsfundir leikskólakennara og grunnskólakennara.
- F. Það eru skilafundir.
- G. Skólastjórnendur hafa yfirumsjón með skipulagningu samstarfsins.
- H. Það er farið í sameiginlegar vettvangsferðir með yngri bekkni grunnskólans og elstu börnin á leikskólanum.

- I. Börn í yngstu bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans vinna að sameiginlegum verkefnum.
- J. Könnunaraðferðin er nýtt í vinnu með börnum í yngstu bekkjum grunnskóla og elstu börnum á leikskóla.
- K. Leikurinn er markvisst notaður sem kennsluáferð í grunnskólanum til að stuðla að aukinni samfellu á milli skólastiganna.
- L. Annað. Vinsamlegast greinið frá hvað í örstuttu máli.

3. Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna skili sér í betra starfi og aukinni samfellu í námi barnanna?

Vinsamlegast merkið við réttasta svarið.

- A. Já, það skiptir miklu máli.
- B. Það er ágætt að hafa samstarf.
- C. Hvorki né.
- D. Það skiptir ekki svo miklu máli.
- E. Nei, það skiptir engu máli.

4. Telur þú/þið að samstarf á milli skólastiganna stuðli að betri undirbúningi barnanna fyrir upphaf grunnskólagöngu?

Vinsamlegast merkið við réttasta svarið.

- A. Já, það hefur mikil áhrif.
- B. Það hefur einhver jákvæð áhrif.
- C. Hvorki né.
- D. Það skiptir ekki svo miklu máli.
- E. Nei, það hefur engin áhrif.

5. Hversu undirbúin telur þú/þið að börnin komi frá leikskólunum?

Vinsamlegast merkið við réttasta svarið.

- A. Mjög vel.
- B. Frekar vel.
- C. Hvorki né.
- D. Frekar illa.
- E. Mjög illa.

6. Fá leikskólabörn (skólahópur) kynningu á grunnskólanum áður en þau byrja í 1.bekk?

- Já
(vinsamlegast svarið spurningu 6A)
- Nei
(vinsamlegast svarið spurningu 6B)

6.A. Hvernig er grunnskólinn kynntur fyrir leikskólabörnum?

Vinsamlegast merkið við allt sem við á:

- A. Leikskólabörnum í skólahóp er boðið í heimsókn í grunnskólann.
- B. Börn í 1. og/eða 2. bekk fara í heimsókn á leikskólann.
- C. Unnið er eftir ákveðinni áætlun sem felur í sér heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og heimsóknir barna úr 1. og 2. bekk á leikskólann.
- D. Börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans vinna að sameiginlegum verkefnum.
- E. Börn í yngri bekkjum grunnskólans og elstu börn leikskólans fara í sameiginlegar vettvangsferðir.
- F. Grunnskólinn hefur opið hús fyrir elstu börn leikskólans.
- G. Annað. Vinsamlegast greinið frá hvað í örstuttu máli.

6.B. Afhverju er grunnskólinn ekki kynntur fyrir elstu börnum leikskólans?

- A. Grunnskólinn hefur ekki áhuga.
- B. Leikskólinn hefur ekki áhuga.
- C. Það er óþarfi að kynna grunnskólann fyrir elstu börnum leikskólans.
- D. Annað. Vinsamlegast greinið frá hvað í örstuttu máli.

7. Hvert er viðhorf þitt/ykkar til leiksins?

Vinsamlegast merkið við allt sem við á:

- A. Leikurinn er góð kennsluáferð/kennslutæki.
- B. Leikurinn á heima í frímínútum og leikskólum.
- C. Leikurinn er ein af námsleiðum barnanna.
- D. Ekki á að nýta leikinn til náms.
- E. Börn eiga að fá nægan tíma til frjáls leiks.
- F. Annað. Vinsamlegast greinið frá hvað í örstuttu máli.

8. Hvernig nýtið þið leikinn sem kennslutæki/kennsluaðferð?

- A. Nýtum leikinn til að efla bekkjarandann.
- B. Nýtum leikinn til að kenna börnunum lestur.
- C. Nýtum leikinn til að kenna börnunum stærðfræði.
- D. Nýtum leikinn til að kenna börnunum lífsleikni.
- E. Nýtum leikinn til að kenna börnunum að umgagnast önnur börn.
- F. Nýtum leikinn til að efla sjálfstraust barnanna.
- G. Annað. Vinsamlegast greinið frá hvað í örstuttu máli.

9. Telur þú/þið að eitthvað mætti betur fara í samstarfi leik- og grunnskóla? Hvað? Afhverju?

Vinsamlegast svarið í stuttu máli.

Að lokum viljum við þakka þér/ykkur fyrir að svara þessum spurningalista.